

3. fundur undirbúningsstjórnar Blönduósbæjar og Húnavatnshrepps

Fundur haldinn þann 14. mars 2022 kl. 16:00 í fjarfundi á Zoom.

Fundinn sátu:

- Jón Gíslason, formaður
- Ragnhildur Haraldsdóttir
- Þóra Sverrisdóttir
- Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri
- Arnrún Bára Finnsdóttir
- Guðmundur Haukur Jakobsson
- Jón Örn Stefánsson
- Valdimar O. Hermannsson, sveitarstjóri
- Róbert Ragnarsson og Jón Hrói Finnsson frá RR ráðgjöf, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá

1. Aðkoma mannaúsráðgjafa

Ákveðið að fá mannaúsráðgjafa til að ræða við skólastjórnendur og sveitarstjóra um þær breytingar á skólastarfi sem fram koma í framtíðarsýn.

2. Kjörstjórnir í kosningum til sveitarstjórna 14. maí 2022

Samkvæmt leiðbeiningum frá landskjörstjórn þurfa sveitarfélögin tvö að koma sér saman um eina sameignlega yfirkjörstjórn og skipa undirkjörstjórnir fyrir hvort sveitarfélag fyrir sveitarstjórnarkosningarnar 14. maí. Skipunin þarf að liggja fyrir í síðasta lagi 8. apríl. Undirbúningsstjórn beinir því til sveitarstjórna Blönduósbæjar og Húnavatnshrepps að þær skipi í nefndirnar. Undirbúningsstjórn leggur til að fulltrúar Blönduósbæjar í yfirkjörstjórn verði tveir og að Húnavatnshreppur skipi einn fulltrúa og að skipting varamanna verði hin sama.

3. Samþykkt um stjórn sameinaðs sveitarfélags og fundarsköp

Farið yfir drög að samþykktum fyrir sameinað sveitarfélag. Samþykkt að óska eftir heimild innviðaráðuneytis til að nýta heimild 132. gr. sveitarstjórnarlaga til að fulltrúar í sveitarstjórn sameinaðs sveitarfélags verði níu. Ráðgjöfum falið að leita umsagnar lögfræðings ráðuneytisins um samþykktirnar.

4. Val á nafni nýs sveitarfélags

Heimasvæðið á betraisland.is var skoðað og innkomnar tillögur. Rætt um að leggja til við skólastjórnendur að unnið verði með hugmyndir að nöfnum með nemendum í skólum sveitarfélaganna.

Fundargerðin var lesin upp og staðfest.

Næsti fundur fer fram mánudaginn 21. mars kl. 16.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 17.1.